



## Reglur um afnot af bæjarlandi Búðardals vegna skilta.

### 1. gr.

#### *Gildissvið*

Samþykkt þessi gildir innan bæjarlands Búðardals, frá grindarhlíði við Laxá að grindarhlíði norðan við þorpið. Reglurnar gilda um skilti á bæjarlandinu. Reglur þessar eru ákvæði Mannvirkjalaga nr. 160/2010 og byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Auk þess eru þær settar með hliðsjón af vegalögum, reglugerð um löggreglusamþykktir, umferðarlögum og leiðbeiningum um algilda hönnun.

### 2. gr.

#### *Orðskýring/Skilgreiningar*

Í reglum þessum falla útstillingar og skreytingar undir skilgreininguna skilti. Um er að ræða hvers konar texta, myndir eða myndverk ásamt tilheyrandi auglýsingastandi, borð, fataslár, blómaker, styttur, skilveggi, spjöld og aðrar sambærilegar tilfæringar. Gildir þá einu hvort þau eru hreyfanleg eða föst eða komið fyrir til lengri eða skemmri tíma.

### 3. gr.

#### *Markmið*

Að tryggja aðgengi og öryggi allra sem ferðast um bæjarlandið.

Að skilti séu íbúum ekki til ama eða óþæginda og að þau hafi ekki spillandi áhrif á umhverfi og ásýnd bæjarins.

Að tryggja samræmd vinnubrögð þegar óskað er eftir afnotum af bæjarlandi fyrir skilti.

Að auðvelda afgreiðslu umsókna um skilti.

### 4. gr.

#### *Umsóknir*

Sótt er um leyfi fyrir afnotum af bæjarlandi Búðardals samkvæmt þessum reglum til skipulagsfulltrúa Dalabyggðar. Sé leyfi veitt er með leyfinu tiltekið til hversu langt tíma það gildir og skilyrði fyrir því ef einhver eru. Ekki er heimilt að framsejla leyfi til þriðja aðila. Sætti umsækjandi sig ekki við afgreiðslu skipulagsfulltrúa getur hann óskað eftir að umhverfis- og skipulagsnefnd fjalli um málið. Einnig getur skipulagsfulltrúi vísað málum til nefndarinnar.

### 5. gr.

#### *Leyfisveitingar*

Byggingarleyfisumsóknir sem falla undir ákvæði 2.5 kafla byggingarreglugerðar nr. 112/2012 skulu lagðar fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd til afgreiðslu ásamt þeim umsóknum sem ekki eru undanþegar leyfisveitingum sbr. ákvæði 2. gr. reglna þessara.

### 6. gr.

#### *Eftirlit*

Eftirlit með skiltum og leyfum fyrir þeim er í höndum skipulagsfulltrúa. Hann skal ganga úr skugga um að uppsett skilti séu í samræmi við leyfi. Ef svo er ekki skal ábyrgðarmanni og/eða þeim aðila sem setti upp viðkomandi skilti veittur allt að 10 daga frestur til að fjarlægja það. Geri hann það ekki er Dalabyggð heimilt að fjarlægja viðkomandi uppsetningu á kostnað þess sem ber ábyrgð á henni og setti hana upp.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar 7. febrúar 2020

Reglur þessar voru staðfestar á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 13. febrúar 2020



Kristján Sturluson  
Sveitarstjóri



SVEITARSTJÓRI  
DALABYGGÐAR